

Brúarásskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2014-2015


Þriðja árið í röð voru kannanir gerðar í gegnum Skólaláupsinn sem leggur fyrir kannanir í fjölda skóla á Íslandi og því hægt að bera Brúarásskóla saman við aðra skóla í svipaðri stærð.

Nemendakannanir eru lagðar fyrir í október og apríl (6.-10. bekkur) Marktækur munur er gefin upp í könnunum og telst munur upp á 0,5 lítill munur, 1,0 er töluverður munur, 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þetta ár voru einungis lagðar fyrir nemendakannanir. Ákveðið á skólaráðsfundi að hafa fyrirkomulagið þannig að leggja foreldra- og starfsmannakönnun fyrir annað hvert ár.


Ástæðan er að það fyrirkomulag er algengast meðal smærri skóla og að ekki er um úrtakskannanir að ræða.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Brúarásskóla kemur mjög vel út eins og sést á yfirliti hennar. Allir nemendur 6. – 10. bekkjar tóku þátt. Einblínt var á virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður beggja kannana sýna að hvað varðar virkni í skóla eru nemendur yfir landsmeðaltali (lmt.) í flestum þáttum. Þar hafa nemendur styrkst í ánægju af náttúrufræði í námi (sjá mynd). Áhugi á stærðfræði hefur lítilega dvínað og er umhugsunarefni.



Nemendur Brúarásskóla mælast talsvert jákvæðari en landsmeðaltal í öllum þáttum sem snúa að líðan og heilsu, nema þegar spurt er um mataræði, þar sem skólinn er -0,4 stigum undir, sem telst samt lítill munur. Nemendur hafa gott sjálfsálit og þátturinn hreyfing er hár en þar er skólinn töluvert hátt yfir í samanburði við aðra skóla.



Í matsþættinum skóla- og bekkjarandi eru Brúarássnemendur einnig yfir í flestum þáttum og þátturinn agi í tímum skorar hátt, eða 5,9 (lmt. 5,1).

Árangur nemenda í leik og starfi

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum verkefnum og keppnum skólaárið 2014-15. Almennt er mikil áhersla lögð á að hvetja ungdóminn í að taka þátt í því sem um er að vera og áhugi þeirra er mikill.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og einnig tók skólinn þátt í Litlu upplestrarkeppninni fyrir 4. bekk sem fór af stað á árinu

Brúarásskóli átti tvö lið í STÍL, keppni í fatahönnun á haustdögum á Egilsstöðum. Skólinn átti flesta keppendur í Samfellu, söngvarakeppni á Egilsstöðum, nemendur komu með sína eigin hljómsveit og lenti eitt frumsamið lag í þriðja sæti.

Lið Brúarásskóla tók þátt í Skólahreysti þriðja árið í röð og stóð sig með þryði þótt þau væru langt frá verðlaunapalli.

Skólinn sendi tvö lið í First Lego tæknikeppnina í Háskólabíói í Reykjavík í janúar, drengja- og stúlkalið af unglingastigi. Bæði lið stóðu sig mjög vel og voru bæði sigurstrangelg um tíma. Stelpurnar fengu bikar fyrir besta rannsóknarverkefnið og drengirnir voru tilnefndir sem besta liðið.

Nemendur 7.-9. bekk fengu heimsókn frá vinabekk frá Fuglafirði í Færeyjum. Heimsóknin tókst mjög vel og styrktu böndin milli nemenda til muna. Brúarásskóli fékk síðan styrk frá Nordplus í sumar og stefnt að því að unglingastigið fari til Færeyja í haust.

Úrbótaáætlun 2014-2015

Í úrbótaáætlun síðasta árs var markmiðið að fá enn betri niðurstöðu varðandi eineltisþáttinn, töluvert var lagt upp með fræðslu og umræður. Við erum vissulega réttum megin við strikið og munar þar 0,5 sem er lítill munur miða við landsmeðaltal. Einnig var farið í fræðslu varðandi mataræði en þar erum við enn fyrir neðan meðaltalið. Aðrir þættir í síðustu úrbótaáætlun verða mældir aftur í veturinn 2015-2016.

Úrbótaáætlun 2015-2016

Það sem þarf að vinna í næst er að reyna ná betri árangri í mæliþættinum mataræði. Skólinn er þátttakandi í heilsueflandi skóla og tilvalið að fara að vinna með mataræðisþáttinn þar. Einnig að gera átak í skemmtilegri stærðfræði til að vekja áhuga og jafnhliða vinna í verkefninu „Bættur námsárangur á Austurlandi“. Unnið verður sérstaklega með samskipti stelpna með skipulögðum fundum. Endurgjöf skólastjóra, heimastuðningur og virkni foreldra eru þættir sem mældir verða næsta vetur. En með breyttu kennslufyrirkomulagi gefst foreldrum betri kostur á að fylgjast með námi barna sinna og vonandi bætir það virkni og heimastuðninginn.